

SAMTÖK FJÁRFESTA

almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda

Alþingi
Erindi nr. P/25/266

komudagur 26.11.1999

Skrifstofa: Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík

PÓSTHÓLF 1741, 121 REYKJAVÍK

Sími: 575 1777 Fax: 551 1333

26. nóvember 1999.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund, 150 Reykjavík.


Samtök fjárfesta hafa móttækið bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (25. mál, þingskjal 25). Út af því taka samtökin fram eftirgreint:

Hér er á ferðinni mikið framfaramál og fagna samtökin sérstaklega stofnun sérstakrar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með heildareign að lágmarki 100 milljónir króna. Það er skoðun samtakanna að verðbréfadeild sjóðsins þurfi að vera sterk vegna lágra fjárhæðarmarka starfsábyrgðartryggingarskyldu verðbréfamiðlara.

Samtökin eru að öðru leyti ekki í stöðu til að meta þær einstöku fjárhæðir eða hlutföll sem frumvarpið hefur að geyma, en leggja áherslu á að eftir er að setja reglur og reglugerðir um ýmis efni frumvarpsins og vildu samtökin fá tækifæri til að taka þátt í undirbúningi að setningu þeirra. Þá leggja samtökin áherslu á að aðhald verði haft með því að sjóðurinn verði ekki of dýr í rekstri.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið laganna að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja, sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf, lágmarksvernd gegn greiðsluferfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna. Almennir hlutabréfa- og sparifjáreigendur eru því þeir hagsmunaaðilar sem sjóðnum er ætlað að vernda. Undir eðlilegum kringumstæðum ættu því samtökin, sem samnefnari fyrir almenna hlutabréfa- og sparifjáreigendur í landinu, að hafa þrjá menn af sex í stjórn sjóðsins. Samtökin líta því á það sem lágmarkskröfu að a.m.k. einn maður komi inn í stjórnina frá þeim að svo stöddu. Er það ósk samtakanna að frumvarpinu verði breytt í þá veru.

Virðingarfyllst,



Jón L. Arnalds
formaður